

# SÉREIGN LSR

## Séreign vegna fasteignakaupa

Hægt er að ráðstafa séreign skattfrjálst inn á húsnæðisland og þeir sem huga að íbúðakaupum geta fengið séreign útborgaða skattfrjálst upp í fyrstu greiðslu.

### Þrjár leiðir

Í sumar bættist við þriðja úrræðið, stuðningur við kaup á fyrstu fasteign.

1. Séreign inn á lán – úrræði frá 1.7.2014, gildir til 30.6.2019
2. Húsnæðissparnaður – úrræði frá 01.07.2014, gildir til 30.06.2019
3. Stuðningur við kaup á fyrstu fasteign – opnaði fyrir umsóknir 01.07.2017

Við viljum vekja sérstaka athygli á því að þeir einstaklingar sem keyptu sína fyrstu fasteign á tímabilinu 01.07.2014 til og með 30.06.2017 og nýttu sér eldri úrræði, geta flutt sig í nýjasta úrræðið. Þetta þarf að sækja um fyrir árslok 2017.

### Samningur um séreignarsparnað er lykilatíði

Mikilvægt er að hafa í huga að gera þarf samning um séreignarsparnað og byrja að greiða séreign sem fyrst til að hægt sé að nota séreignina síðar í tengslum við fasteignakaup. Ekki er hægt að greiða séreign afturvirk af launum.

### Allar upplýsingar hjá RSK

Sækja þarf um úrræðin á vef RSK og þar er einnig hægt að afla nánari upplýsinga.

## Ávöxtun og markaðir

Allar fjárfestingaleiðir Séreignar hækkuðu á fyrstu sex mánuðum ársins; Leið I hækkaði um 4,1%, Leið II um 4% og Leið III um 2,1% að nafnvirði.

Innlend skuldabréf skiluðu góðri ávöxtun á fyrri helmingi ársins og hækkaði skuldabréfavísitala GAMMA um 5,6% á tímabilinu. Meginvextir Seðlabankans voru lækkaðir um 0,5% og 12 mánaða verðbólga mældist 1,5% í júní 2017. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisbréfaflokka lækkaði um 0,4% á tímabilinu og ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa lækkaði um ríflega 0,3%. Með lækkanandi kröfu hækkar markaðsvirði skuldabréfa þar sem skuldabréf í Séreign eru gerð upp á markaðsvirði og skilaði það sér inn í ávöxtun leiðanna. Íslenska hlutabréfavísitalan OMXI8GI

hækkaði um 4,2% á fyrri helmingi ársins en miklar sveiflur hafa einkennt innlenda hlutabréfamarkaðinn á árinu. Til samanburðar lækkaði vísitalan um 4,7% á árinu 2016.

Á fyrri helmingi ársins hækkuðu hlutabréfamarkaðir heimsins töluvert, þá sérstaklega þróunarmarkaðir og markaðir í Asíu, en umreiknað í krónur þýddi það mun minni hækkanir eða jafnvel lækkanir vegna gengisstyrkingar íslensku krónunnar. Heimsvísitala erlendra hlutabréfa hækkaði um 10,7% í dollurum á fyrstu sex mánuðum ársins en 1,4% umreiknað í krónur. Þrátt fyrir mikinn ólgusjó síðsumars, hefur áhrifa ekki enn gætt á verðbréfamörkuðum heimsins og í byrjun september hafði heimsvísitala hlutabréfa hækkað um rúm 12% frá áramótum í dollurum talið.

# Séreign LSR

Upplýsingayfirlit 30.06.2017


## Ávöxtun og eignir

	Leið I	Leið II	Leið III
Gengisbreyting frá áramótum	4,1%	4,0%	2,1%
Nafnávöxtun síðustu 12 mánuði	5,2%	6,2%	3,8%
Raunávöxtun síðustu 12 mánuði	3,5%	4,4%	2,0%
3ja ára nafnávöxtun*	6,4%	6,4%	3,8%
5 ára nafnávöxtun*	7,4%	7,0%	4,2%
<b>Eignir í lok júní (m.kr.)</b>	<b>6.536,9</b>	<b>1.570,4</b>	<b>6.608,7</b>

Núverandi vextir Leiðar III eru 2,12%.


\* Ávöxtun yfir lengra tímabil en 12 mánuði er sett fram sem ávöxtun pr. ár.

## Gengisþróun




## Eignasamsetning

### Leið I




- Innlend skuldabréf
- Innlend hlutabréf
- Erlend hlutabréf
- Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu
- Innlán

### Leið II



- Innlend skuldabréf
- Innlend hlutabréf
- Erlend hlutabréf
- Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu
- Innlán

### Leið III



- Innlán

## Fjárfestingarstefna

	Leið I Stefna	Frávik		Leið II Stefna	Frávik		Leið III Stefna
<b>Innlán</b>	3%	0%	15%	3%	0%	15%	100%
<b>Skuldabréf</b>	40%	20%	70%	60%	30%	90%	
Ríkistryggð bréf	30%	10%	60%	45%	20%	70%	
Önnur innlend skuldabréf	10%	0%	30%	15%	0%	30%	
<b>Hlutabréf</b>	55%	20%	60%	35%	10%	40%	
Innlend hlutabréf	15%	0%	21%	10%	0%	16%	
Erlend hlutabréf	40%	20%	50%	25%	10%	40%	
<b>Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu</b>	2%	0%	10%	2%	0%	10%	
<b>Fjárfesting í íbúðarhúsnæði</b>	0%	0%	1%	0%	0%	1%	

Nánari upplýsingar um fjárfestingarstefnu Séreignar LSR má finna á vef LSR [www.lsr.is](http://www.lsr.is).



Lífeyrissjóður  
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11  
105 Reykjavík  
Sími: 510 6100  
[lsr@lsr.is](mailto:lsr@lsr.is)

[www.lsr.is](http://www.lsr.is)